



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### ***Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands vegna hraðaksturs á Sævarhöfða***

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Lagt er til að hraðahindrunum verði tafarlaust komið fyrir á Sævarhöfða vegna aukins hraðaksturs og glæfralegs framúraksturs.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 29. nóvember 2023

Umsögn:

Leyfilegur hámarkshraði á Sævarhöfða er 50 km/klst. Miðað við aðstæður og eldri hraðamælingar frá lögreglunni í nágrenninu má gera ráð fyrir að töluverður hluti ökumanna aki hraðar en leyfilegur hámarkshraði segir til um en beygjan í götunni ætti þó að hafa einhver hraðalækkandi áhrif. Engu að síður eru slys þar sem einhver meiðist fátíð. Þau sem hafa orðið tengjast gatnamótum nær undantekningalaust. Skv. hámarkshraðaáætlun borgarinnar er gert ráð fyrir að hámarkshraði verði lækkaður í 40 km/klst.

Reykjavíkurborg fer í fjölmargar aðgerðir á hverju ári til að bæta umferðaröryggi í borginni en þörfin á umferðaröryggisaðgerðum er mikil og margir staðir þurfa á lagfæringum að halda. Aðgerðum er forgangsraðað eftir faglegum forsendum og með tilliti til markmiða umferðaröryggisáætlunar Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
samgöngustjóri